



Móaahverfi
DEILISKIPULAG-TILLAGA



Nýframkvæmdaáætlun 2023 - Móaahverfi



Móahverfi

- Móahverfi er nýtt íbúðahverfi sem verður í norðvesturhluta Akureyrar, ofan Borgarbrautar, norðan Giljahverfis
- Efstu hús Móahverfis verða í línu við efstu hús Giljahverfis
- Ein safngata verður í gegnum hverfið, Langimói. Hún hefur tengingar við Síðubraut og Borgarbraut
- Svæðið er um 45 ha að stærð og gert er ráð fyrir allt að 1.100 íbúðum í hverfinu með 1.900 til 2.300 manns
- 60-80% fjölbýli og 20-40% sérþýli (einbýlis-, par- og raðhús)
- Einnig er gert ráð fyrir íþróttasvæði og matjurtagörðum



Áfangaskipting

- Verkinu er skipt upp í tvo áfanga og hefst á áfanga A (merktur með rauðum lit)
- Áfanginn var boðinn út í apríl 2023
- Lóðir verða byggingahæfar í desember 2023 með fyrirvara um lagnir
- Í lok júní 2024 verður annar hluti lóða byggingahæfur
- Stefnt á að loka heildarverki A áfanga í október 2024






Nöfn gatna

- Tillögur að nöfnum voru fengnar frá nemendum í Síðuskóla
- Meðal nafna eru:
 - Berjamói
 - Borgarmói
 - Heiðarmói
 - Höfðamói
 - Lautarmói
 - Lyngmói
 - Strýtumói
 - Sunnumói

Grænar lausnir

- Blágrænar ofanvatnslausnir verða nýttar eins og hægt er í hverfinu. Þegar byggð rís verður yfirborð landsins þéttara sem veldur því að regn- og leysingavatn, svokallað ofanvatn, safnast saman í stað þess að seytla niður í jarðveginn
- Lausnin við því er t.d. að útbúa beð fyrir framan lóðir og koma fyrir grassteini í götu sem grípur ofanvatnið og kemur því aftur niður í jarðveginn (sjá ljósmynd)
- Einnig verður til staðar yfirfall sem grípur umfram vatn og færir í viðtaka þar sem jarðvegur er ekki gljúpur á svæðinu
- Í enda hvers botnlanga verða snjólosunarsvæði með drenboxi sem leyfir vatninu að síast hægt út í jarðveginn





Stígar

- Þegar kemur að skipulagi stíga er áhersla lögð á að auðvelt verði að hjóla og ganga um hverfið svo að náttúruvænni ferðamátar verði frekar fyrir valinu
- Ákveðið var að hanna göngubrú yfir Borgarbraut en áður voru hugmyndir um að vera með undirgöng fyrir gangandi vegfarendur
- Við hönnun brúarinnar var óskað eftir að hún myndi falla vel að landslagi og yrði gróðri gert hátt undir höfði á og við brúnna
- Ákveðið hefur verið að setja granítsteina í staðin fyrir kantsteina en þeir endast mun lengur, þola betur snjómokstursálag og verður hægt að endurnýta þá í framtíðinni

Áningarstaðir

- Áningarstaðir Móahverfis verða margir og fjölbreyttir. Þeir ættu að henta öllum aldri og vera með góðu aðgengi fyrir alla
- Saman mynda staðirnir dvalarsvæði sem eru ólík að stærð og lögun og hvetja til útiveru
- Markmiðið er að hver íbúð í hverfinu hafi aðgengi að leiksvæði, grænu svæði eða útivistarsvæði í ca. 150 metra fjarlægð
- Græn svæði eru svæði sem hafa grænt yfirbragð og verða athvarf þar sem njóta má hvíldar, skjóls og sólar í daglegu lífi, þar er hægt að koma saman og eiga gæðastund í amstri dagsins



- Hefðbundin leiksvæði
- Sleðabrekka
- Íþróttasvæði
- Torg
- Matjurtagarðar
- Græn svæði (pocket parks)
- Þemagarðar
- Æfingarsvæði

Fyrsti hluti áningarstaða


- Fyrsti hluti áfanga uppbyggingar hverfisins verða leiksvæði, græn svæði og þemagarðar
- Fimm þemagarðar verða í Móahverfi og verður nýtt þema í hverjum þeirra
- Hugmyndin er að það séu 1-2 leiktæki sem hvetja til hreyfingar, fallvarnarefni, bekkur, gróður og tenging við stígakerfi hverfisins
- Sérstaklega verður hugað að útfærslum til að gleðja alla aldurshópa, einhver þemasvæði verða frá 1 árs til 3 ára, önnur 1 árs til 12 ára og einnig tæki fyrir eldri borgara



Hefðbundin leiksvæði



- Hefðbundin leiksvæði Móahverfis verða tvö talsins og áherslur lagðar á að hafa leiktækin fjölbreytt
- Lögð er áhersla á að svæðið falli vel að sínu nánasta umhverfi
- Leiksvæði 1 verður með skógarþema og eru hér hugmyndir um hvernig það gæti litið út
- Þar verða leiktæki fyrir 1-13 ára



Þemagarðar

Hver þemagarður hefur sitt þema, þau eru:

Holtið

- Haginn
- Túnið
- Móinn
- Andapollurinn
- Hunangsflugurnar

